

## **17. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.**

Haldinn fimmtudaginn 29. september 2021 kl. 16:00 í ráðhúsi Hrunamannahrepps.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Sigfríð Lárusdóttir, varamaður Bjarna Arnars Hjaltasonar.

Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri, sat einnig fundinn.

### **Dagskrá:**

- 1. Niðurstöður útboðs í sorphirðu.**
- 2. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs.**
- 3. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi.**
- 4. Almennar umræður um sorpmál Hrunamannahrepps.**

#### **1. Niðurstöðu útboðs í sorphirðu.**

Jón fór yfir ferlið í kringum útboðið og hvernig útboðið fór. Þrjú tilboð bárust og var Kubbur lægst bjóðandi en sögðu sig svo frá tilboðinu. Búið er því að semja við Terra um hirðinguna og taka við 1. október. Farið verður í 4 tunnu kerfi á nýju ári þegar kynningarefni og útfærsla er klár og veður leyfir, gamla fyrirkomulagið gildir fram að því. Búið er að panta tunnur til að virkja nýja kerfið.

#### **2. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs.**

Jón fór yfir samþykktina. Umræður um málið. Rætt um Fenúr merkingar og mikilvægi þess að taka þær upp. Nefndin gerir ekki aðrar athugasemdir.

#### **3. Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 á Suðvesturlandi.**

Málið kynnt af Jóni. Nefndin leggur mikla áherslu á að flokkunar- og merkjakerfi verði samræmt milli sveitarfélaga. Huga þarf að því að geta nýtt lífrænanúrgang á svæðinu og ekki vera keyra með úrganginn langar vegalengdir.

#### **4. Almenn umræður um sorpmál Hrunamannahrepps.**

Rætt um stöðu í sorpmála í sveitinni almennt í dag og framtíðarhorfur

Fundi slitið 17:20